

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**194. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn **1. mars 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Grenndarkynning.
2. Erindi Þórhalls Ólafssonar f.h. Neyðarlínunnar.
3. Skipulagsmál.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi Jóhanns Albertssonar f.h.Gauksmýrar ehf.
5. Erindi Karls Sigurgeirssonar f.h dánarbús Önnu Axelsdóttur.

Afgreiðslur:

1. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á 192. fundi sínum að fram færi grenndarkynning vegna tillögu að stofnun lóðar við Búland 6a á Hvammstanga. Grenndarkynningunni er nú lokið án athugasemda. Ráðið leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt.
2. Þórhallur Ólafsson f.h. Neyðarlínunnar, 112 sækir um leyfi til að setja upp neyðar- og öryggisfjarskiptasendi á Grenjadalsfelli í landi Þóreyjarnúps í Húnaþingi vestra sbr. meðfylgjandi gögn. Ráðið mælir með leyfisveitingu.
3. Farið yfir tillögu frá Landmótun að deiliskipulagi austan Norðurbrautar á Hvammstanga.

**Tekið á dagskrá:**

4. Jóhann Albertsson f.h. Gauksmýrar ehf. kt. 680599-2709 sækir um leyfi til að breyta herbergjaskipan á 1 .hæð ferðapjónustuhúss fastanr. 213-4274 á Gauksmýri sbr.teikningar A01 dags. 28.02.2011 frá Hauki Árnasyni byggingartæknifræðing, kt. 290131-3329. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
6. Bjargsbúið ehf kt. 421106-0100 sækir um leyfi til að reisa beitarhús að Bjargi í Miðfirði fastanr. 213-2969 sbr.teikningu nr HVB0101 dags. 01.03.2011 frá Ráðbarði sf. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Víglundur Gunnþórsson (sign),  
Guðjón Þórarinn Loftsson (sign),  
Anna María Elíasdóttir (sign),  
Unnsteinn Ó. Andrésson (sign),  
Erla B.Kristinsdóttir (sign),  
Ólafur H.Stefánsson forstöðumaður tæknideildar (sign).  
Benjamín Kristinsson byggingarfulltrúi (sign),